



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Ég hugsa um mig

Hugsun og tilvera í Hugleiðingum Descartes

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Hlöðver S. Höðversson

Maí 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Ég hugsa um hugsun

Hugsun og tilvera í Hugleiðingum Descartes

Ritgerð til BA -prófs í heimspeki

Hlöðver S. Hlöðversson

Kt.: 300688-2849

Leiðbeinandi: Gunnar Harðarsson

Maí 2013

Ágrip

Í þessari ritgerð skoða ég hvernig Descartes notar efann í bók sinni, Hugleiðingar um frumspeki, til að finna fastan punkt til að byggja grunninn að leit sinni að sannri þekkingu. Descartes fannst heimspekina vanta eitthvað til að byggja þekkingu á, einhvern fastan punkt sem ekki væri hægt að efast um.

Í fyrsta kaflanum ræði ég þau þrenn rök sem Descartes notar til að draga þekkingu sína í efa. Þessi þrenn rök eru þau að skynfærin blekki hugann, að við getum ekki greint milli drauma og vöku og að það sé illur andi að blekkja hugann. Þá er einnig lögð fram gagnrýni á þessi rök og hvernig Descartes svarar þeim. Út frá þessum blekkingum komst hann að því að ef hann hugsar hlýtur hann að vera til, „cogito, ergo sum“ eða „ég hugsa, ég er til“.

Í öðrum kafla er farið ytarlega yfir það hvað cogito-ið staðfestir og hvernig því er beitt sem aðferð til að verða meðvitaður um eigin tilvist. Þar eru lagðar fram kenningar Anthony Kenny og Jaakko Hintikka um cogito-ið og hvernig þeir leitast við að útskýra cogito-ið. Þeir héldu því fram að cogito-ið hefði ákveðna sérstöðu gagnvart öðrum kenningum heimspekinnar og það staðfesti meira en það gerði í upphafi.

Í kafla þrjú er farið yfir það hvað felst í því að vera til og hvað það er sem er með tilvist. Ef Descartes er til, hvað er hann þá? Þessi spurning vaknaði hjá Descartes en hann gat ekki svarað henni. Þá er einnig farið yfir kenningu Sartre um sjálfíð og hvenær „ég“ sé til og hvenær ekki.

Í lokin eru svo dregnar saman helstu niðurstöður kaflanna þriggja og athugað hvort að cogito-ið eigi við rök að styðjast og hvort það staðfesti tilvist og hvað það er sem það staðfestir tilvist sína. Hvað er það sem gerir cogtio-ið að einu umtöluðustu kenningu heimspekinnar?

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Villur skynfæranna	6
Skynvillurökin	6
Draumrökin.....	7
Illi andinn.....	8
Cogito ergo Sum.....	10
Ég hugsa, ég er til	10
Greining Hintikka á Cogito-inu	11
Greining Anthonys Kenny á Cogito-inu.....	14
Ég sem hugsandi vera.....	16
Hvað er ég?	16
Cogito-ið í meðförum Sartres	19
Ég sem hugsun.....	19
Kenningin um efnislegt mig	20
Sjálfið.....	22
Niðurstaða	24
Heimildaskrá	26

Inngangur

Heimspækin hefur glímt við mörg og erfið vandmál í gegnum tíðina, en eitt þeirra hefur staðið hinum framar þegar kemur að svári, þar sem ekki er hægt að svara þeirri spurningu með vissu. Það eru spurningarnar „hvað er til?“ og „er ég til?“ sem haldið fjölda mörgum heimspækingum uppteknum í ófáar klukkustundir. Síðan menn fóru að spá í heiminn í kringum sig hefur alltaf einhver komið og efast um að viðtekna skoðanir á heiminum og tilverunni séu réttar. Er hægt að vita eitthvað með vissu, sem ekki er hægt að efast um? Forn-Grikkir voru þeir fyrstu til að setja þessar hugsanir sínar í ritform og hefur það varðveist allt til okkar tíma. Í fyrstu snérist þessi efi um það hvort skynjanir okkar á efnislegu hlutunum í kringum okkur séu réttar og hvort að sönn þekking á þeim væri möguleg. Síðar varð efinn róttækari og snérist um það hvort við gætum yfirleitt vitað nokkuð með vissu. Kenningar efahyggjunnar hafa verið umdeildar og þá sérstaklega sú kenning um það hvort það sé til fastur punktur sem hægt er að byggja hina sönnu þekkingu á.

Réne Descartes hefur oft verið nefndur þegar talað er um efahyggjumenn, en þó getur hann ekki talist slíkur. Descartes notaði efan sem *aðferð* til að komast að því hvað væri ekki hægt að draga í efa. Með því að gera efan altækan, ætlaði hann að komast að því hvort eitthvað væri þess eðlis að ekki væri með neinu móti hægt að efast um það og líkti því við fastan punkt: „Arkímedes bað ekki um nema einn fastan punkt, og sagðist þá skyldu færa alla jörðina úr stað.“ (Descartes, 2001:141). Þessi fasti punktur reynist vera sú staðreynd að hann efast og til að efast þarf hugsun. Þar sem hann hefur hugsun þá hlýtur hann að vera til. Ef hann hugsar þá er hann til, „cogito, ergo sum“. Um þennan punkt er ekki hægt að efast.

Hér á eftir ræði ég í fyrsta kaflanum þau þrenn rök sem Descartes notar til að draga þekkingu sína í efa, svo og gagnrýni á þessi rök. Annar kafli fjallar um hvað cogito-ið staðfestir og hvernig því er beitt sem aðferð til að verða meðvitaður um eigin tilvist. Til þess nota ég túlkanir Anthony's Kenny og Jaakkos Hintikka á cogito-inu. Í þriðja kafla er farið yfir það hvað felst í því að vera til og hvað það er sem er með tilvist. Ef Descartes er til, hvað er hann þá? Þá er einnig farið yfir kenningu Sartre um sjálfíð og hvenær „ég“ sé til og hvenær ekki. Í lokin eru svo dregnar saman helstu niðurstöður.

Villur skynfæranna

Skynvillurökin

Til að finna þennan fasta punkt sem Descartes vill finna sest hann niður og byrjar að hugsa um allt það sem hann veit og veltir því fyrir sér hvort það sé í raun rétt vitneskja. Hann ákveður að efast ekki um allt sem hann veit heldur snúa sér fyrst að því sem veitir honum vitneskju um heiminum í kringum hann. Til að fá vitneskju um það sem er í kringum okkur verðum við að nota skynfærin fimm sem eru sjón, snerting, bragð, lykt og heyrn. Descartes veit samt sem áður að skynfærin geta blekkt: „En ég hef stundum orðið þess vísari að þau blekktu mig, og hygginn maður ber aldrei traust til þeirra sem hafa einu sinni brugðizt honum.“ (Descartes, 2001: 134) Stundum sjáum við eitthvað sem ekki er eða er annað en við höldum. Þó vill Descartes ekki ganga svo langt að segja að skynfærin blekki alltaf því það yrði litið á það sem geðveiki. Descartes heldur því fram að skynfærin séu ekki alltaf að blekkja hugann, þar sem þau eru það eina sem veitir okkur vitneskju á heiminum í kringum okkur. Hins vegar er nóg að vita að þau geti blekkt og hafi blekkt til að það sé ekki hægt að treysta skynfærunum til fulls. (Descartes, 2001:134)

Descartes tekur dæmi um vaxmola til að sýna fram á hvernig hann öðlast rétta vitneskju um það sem hann skynjar. Þessi vaxmoli hefur alla þá þætti sem skynfærin geta numið, hann hefur bragð, lykt, gefur frá sér hljóð ef það er bankað í hann og í á sama tíma er vaxmolinn snertur. Þessi vaxmoli hefur einnig eiginleika sem hægt er að skynja með augunum, hann er með ákveðna lögun og stærð og er með lit. Allt þetta ætti að vera nóg til að gefa Descartes ágæta þekkingu á þessum tiltekna vaxmola. (Descartes, 2001:148)

Þegar vaxmolinn er svo hitaður, bráðnar hann og þá missir hann alla sína eiginleika sem taldir voru upp. Vaxmolinn gefur ekki lengur frá sér hljóð ef það er bankað í hann og lögun og stærð molans hefur breyst. Er þetta þá sami molinn og var áður? Descartes heldur því fram að þetta sé sami molinn og það væri vitleysa að halda öðru fram. Þeir eiginleikar sem hægt er að skynja af vaxmolanum geta alltaf verið blekking, hvort sem molinn er í föstu- eða fljótandi formi. Descartes getur alltaf séð og snert molann, þótt hann breyti um lögun, stærð og form. (Descartes, 2001:148)

Vaxmolinn getur því ekki aðeins verið skynjun, sem þýðir að hann hlýtur að vera eitthvað meira, þótt skynfærin séu og verði alltaf í fyrirrúmi. Sú vitneskja sem við höfum um hluti fæst því ekki með skilningarvitunum né ímyndunaraflinu, heldur með skilningi á þeim. Þegar

skynfærin geta blekkt þá er aldrei að vita hvort það sem er skynjað sé raunverulegt eða ekki. (Descartes, 2001:152)

Margir rithöfundar og heimspekingar hafa gagnrýnt þau rök sem Descartes setti fram til að styðja mál sitt. En ein gagnrýnin sem hann fékk var að hann hafi gengið of langt í að segja að skynfærin blekktu. Skynfærin geta misskilið það sem þau skynja, þá leiðréttu þau alltaf þann misskilning. Þess vegna er ekki hægt að halda því fram að skynfærin séu stanslaust að blekkja. Dæmi um það er ef einstaklingur heldur að hann hafi séð Jón en þegar nær var komið er það víst Gunnar sem hann sá. Þarna blekktu skynfærin en þau leiðréttu villuna og þá getum við spurt okkur af hverju það ætti þá alltaf að efast um þau? En til að skynfærin geti leiðrétt sig þá þarfa að vita að þau hafi verið blekkt til að byrja með. Það er ekki hægt að leiðréttu villur sem ekki er vitað að séu villur. Villan verður því til við það eitt að hún sér leiðrétt. Þannig er erfitt að gera greinarmun á réttu og röngu á þeim tímapunkti sem skynjunin á sér stað, heldur er það vitað seinna, eða eftir leiðréttingu, að skynjunin hafi verið vitlaus. (Cottingham, 1986:30)

En það sem Descartes reynir að segja er að ef þau hafa blekkt einu sinni, hvernig vitum við þá að þau blekki ekki aftur og hvenær blekking á sér stað. Dæmi er um mann sem á það til að ljúga, eftir að hann hefur sagt nokkrar lygar er ekki með nokkru móti hægt að vita hvenær hann er að ljúga og hvenær hann er ekki að ljúga. Á endanum er þeim manni ekki treyst. Það er eins með skynfærin ef það er ekki hægt að sannreyna hvenær þau eru að blekkja og hvenær ekki, þá er þeim ekki treystandi. En það er eimitt það sem Descartes bendir á, það er hægt að draga skynfærin í efa og það er nóg til að þau gefi ekki af sér sanna þekkingu. (Descartes, 2001:134)

Draumrökin

Þá snýr Descartes sér að þeim möguleika að hann sé sofandi og gæti því verið að dreyma það sem hann er að upplifa. Þegar mann dreymir er algengt að einstaklingar haldi að það sem eigi sér stað í draumnum sé raunveruleikinn og oft geta draumar verið mjög raunverulegir. Með því móti er ekki hægt að gera greinarmun á raunverulegum upplifunum eða draumum. „Hversu oft hefur mig ekki dreynt á næturnar að ég sæti hér alklæddur við arinn enda þótt ég lægi nakinn í rúminu?“ (Descartes, 2001:135) Þannig að hvort sem einstaklingin er að dreyma eða sé vakandi þá er upplifunin af skynjunum alltaf sú sama. Það er til að mynda eins upplifun að sjá borð í draumi eða vöku. (Descartes, 2001:135)

Þeir sem gagnrýndu mest draumrök Descartes, vildu meina að ef einstaklingur gæti játað því að hann væri sofandi, efast um að hann væri sofandi og hugsað um það að hann væri sofandi þá væri hann einfaldlega ekki sofandi, heldur vakandi. Þar af leiðandi væri ekki hægt að rugla saman draumi og raunveruleikanum. (Cottingham, 1986:31)

Þó hafa vísindi nútímans komið Descartes óbeint til hjálpar til að svara þessum gagnrýnisröddum með hugtökum eins og skýrdreymi (e. *lucid dreaming*) og falskri vakningu (e. *false awakening*). En þegar einstaklingur upplifir svo kallað skýrdreymi er hann meðvitaður um að hann sé að dreyma og liggi sofandi í rúminu sínu. En þá er hann samt sem áður meðvitaður um það að hann sé að dreyma og ekki beint að sanna kenningu Descartes nema bara að því leyti að draumar geti verið eins og raunveruleikinn og upplifunin úr þeim því einnig. Fölsk vakning er hugtak sem notað er yfir það þegar einstaklinga dreymir að þeir séu að vakna, byrjar daginn, fá sér jafnvel morgunmat og leggja af stað í vinnuna. En einstaklingurinn er þó enn sofandi, þó hann haldi það að hann sé vaknaður. Á meðan þessi upplifun á sér stað er erfitt að gera greinarmun á draumi og raunveruleika. En á meðan sá möguleiki er fyrir hendi að það er ekki hægt með fullri vissu að gera greinarmun á draumi og raunveruleikanum þá er takmarki Descartes náð. Það er hægt að draga upplifanir um veruleikann okkar í efa, því okkur gæti verið að dreyma. (Cottingham, 1986:31)

Illi andinn

Descartes segir að stærðfræðin sé hafin yfir allan efa þar sem $2+2=4$ er alltaf satt, feringur hefur alltaf fjögur horn og eins er með þríhyrning, hann hefur alltaf þrjú horn. Þessi dæmi eru alltaf sönn hvort sem það er í raunveruleikanum eða í draumi. Er þetta þá eitthvað sem ekki er hægt að efast um? Descartes vill meina að svo sé ekki. En Guð er almáttugur og gæti hugsanlega verið að blekkja hann um þetta þó að honum sýnist þetta satt. En ef Guð er til þá er hann fullkominn, sem gerir hann að almáttugri og algóðri veru. Guð myndi því ekki blekkja það sem hann skapaði, það myndi stangast á við það að hann sé algóður. Allar þær skynvillur sem einstaklingurinn fær koma því ekki frá Guði. En þótt Guð sé fullkominn er maðurinn það ekki, hann er skapaður af Guði og það gerir mannkynið að ófullkomnum verum. Þar sem Descartes er þar af leiðandi ófullkominn getur honum skjátlást um skynjanir sínar, þar sem villur og blekkingar er ófullkomið. Það sem er fullkomið getur því ekki skjátlást því að það skynjar ekkert vitlaust, það sér allt eins og það á að vera. (Descartes, 2001:137)

En þar sem Guð blekkir ekki, þá gæti sá möguleiki verið fyrir hendi að það sé til önnur vera sem er einnig almáttug. En sú vera hlýtur þá að vera illur andi sem býr yfir því valdi að geta blekkt skynfærin: „Af þessum sökum mun ég ekki ganga að því vísu að til sé algóður Guð, uppspretta sannleikans, heldur að almáttugur og kænn illur andi neyti allra bragða til að blekkja mig.“ (Descartes, 2001:139)

Ef sú vera er til og er að blekkja okkur þá gætu allar þær skynjanir sem við meðtökum verið rangar og þá er enginn greinarmunur á því hvort við séum blekkt eða ekki. Ef við getum ekki treyst því að skynjun okkar sé rétt, þá getum við aldrei með nokkurri vissu vitað hvað sé blekking og hvað ekki. (Descartes, 2001:142)

Andinn gæti alltaf verið að blekkja okkur en þá er ekki víst að neitt sé eins og við skynjum það. Hann gæti haft gaman að blekkja okkur af og til en þá getum við ekki heldur greint á milli rétttrar skynjunar og rangara skynjunar. En ef eitthvað er blekkt þá þarf eitthvað að vera til. Andinn getur ekki blekkt okkur á þann hátt að einstaklingurinn sé til, ef hann er ekki sjálfur til. Þannig að til að andinn geti blekkt okkur, þá þurfum við nauðsynlega að vera til. (Descartes, 2001:142)

En eins og öll önnur rök sem Descartes setti fram, voru rökin um hinn illa anda einnig gagnrýnd. Þeir sem gagnrýndu þessi rök töldu að ef að væri illur andi að blekkja okkur, þá væri augljóslega ekki hægt að gera greinarmun á blekkingu og raunveruleikanum. Þannig að ef það er ekki hægt, þá er ekki hægt að tala um skynjun sem blekkingu eða að hún sé raunveruleg, það er aldrei hægt að vita það með fullri vissu. Ef andinn er að blekkja okkur hlýtur að vera til annar heimur sem við getum ekki skynjað þar sem illi andinn er að blekkja okkur. Þá er til heimur sem við lifum í en getum ekki skynjað og svo sá heimur sem við getum skynjað og höldum að við lifum í. Þannig er hægt að tala um tvo heima, þann raunverulega og blekkingarheiminn sem illi andinn hefur búið til. Heimurinn sem andinn lifir í er þá sá heimur þar sem hin sanna þekking er. En eins og áður hefur komið fram er Descartes að reyna að finna þekkingu sem ekki er hægt að efast um. Þá þekkingu sem við höfum núna, hvort sem hún er blekking frá illum anda eða ekki, er hægt að draga í efa. (Cottingham, 1986:34)

Cogito ergo Sum

Ég hugsa, ég er til

Með því að vera blekkur hefur Descartes komist að því að hann er til.

„Ef hann blekkir mig er enginn vafi að ég er til. Blekki hann mig eins og hann vill: hann getur aldrei gert mig að engu, svo framanlega sem ég held ég sé eitthvað.“ (Descartes, 2001:142)

Andinn getur blekkst skynfærin og látið okkur halda að við séum að skynja eitthvað sem er ekki, eða jafnvel blekkst okkur þannig að við skynjum ekki eitthvað sem er. En hugsanirnar sem einstaklingurinn fær getur andinn ekki blekkst. (Descartes, 2001:142)

Descartes hefur þannig fundið fasta punktinn sem hann leitaði að. Hann hefur komist að því að hann sé til. Hann hugsar, hann er til (Cogito, ergo sum).

„Ég hlýt að draga þá ályktun að staðhæfingin Ég er, ég er til hljóti að vera sönn, hvenær sem ég segi hana eða hugsa“ (Descartes, 2001:142)

Hann verður alltaf til á meðan hann hugsar hvort sem hann er sofandi og dreymir, er blekkur af illum anda eða ímyndar sér eitthvað. Það er ekki hægt að gera neinn greinarmun á skynjuninni sem verður í draumi, blekkingu eða ímyndun en hugsunin af þeirri upplifun er þó alltaf sú sama. (Descartes, 2001:142)

Lögmálið sem Descartes getur sett fram eftir þessar hugsanir sínar er að hann veit að ef hann hugsar á er hann til og á meðan hann hugsar er hann til. Hann hefur því komist að því að tilvist byggist á því að hann sé að hugsa um hugsunina. En það er samt ekki hugsunin sem veitir honum tilvist heldur uppgötvar hann tilvist sína með því að hugsa. Það er ekki hægt að efast um það að hann sé að hugsa og ekki heldur um hugsanir hans. Hvort sem hann er blekkur af skynfærunum, er að dreyma eða að illur andi blekki hann þá getur hann alltaf hugsað og verið meðvitaður um það. Það er alltaf hugsun í gangi þótt hann sé blekkur, það er bara það sem hann skynjar sem hann getur efast um. Hugsun er ekki skynjun heldur er hún eitthvað meira. Hugsun er þekking, þekking sem ekki er hægt að efast um.

(Cottingham, 1986: 36)

En Descartes fann bara út að hann sjálfur er til, hann gat ekki yfirfært það á neinn annan né neitt annað. Hann vill því meina að það sé rangt að segja að allt sem hugsar sé til, því að Descartes getur ekki sannreynt það að eitthvað annað sé að hugsa, það gæti verið blekking. Þess vegna er lögmálið *ég hugsa, ég er til*. Það þarf að vera fyrstu persónu vitneskja fyrir því

að maður sé að hugsa, það kemur með reynslunni. Hægt og rólega lærir maður að það sé hugsun í gangi og maður sé að hugsa. Einstaklingurinn er þá alltaf til en er hann er þó ekki alltaf meðvitaður um sína eigin tilvist. (Cottingham, 1986: 37)

Greining Hintikka á Cogito-inu

Samkvæmt finnska heimspekingnum Jaakko Hintikkahlýtur að vera eitthvað meira á bak við þessa „hugsun“ hjá Descartes. Það að hugsa er ekki nóg í sjálfu sér til að veita alla þessa vissu um tilvist sína. Hvað er það sem gerir „ég hugsa, ég er til“ að því sem staðfestir tilvist en ekki til dæmis „ég hoppa, ég er til“? Það væri hægt að segja að tilvist mín byggir á því að ég hoppi frekar en það að hugsa. Á blaði er þetta sama rökformið, ef A þá B, og ætti því að vera jafngilt til að veita þá vissu um tilvist sem einstaklingurinn þarf. En þetta er þó ekki jafngilt til að veita honum þessa vissu sem hann vill. Einstaklingurinn getur ekki verið viss um það að hann sé meðvitaður um tilvist sína þó hann hoppi. En hver er þá munurinn á því að hoppa og hugsa? Þegar ég hoppa skynja ég hvað líkaminn er að gera. Þar sem það að hoppa er meðtekið í skynjun get ég efast um það að ég sé raunverulega að hoppa, það gæti verið blekking. Í því liggur munurinn, því að einstaklingurinn getur ekki efast um að hann sé að hugsa. Það er því meira á bak við hugsunina í kenningu Descartes heldur en sést eingöngu á blaði og í rökforminu sem kenningin er sett fram og þess vegna er gerður greinarmunur á því að segja „ég hugsa, ég er til“ og því að segja „ég hoppa, ég er til“. (Hintikka, 1962:7)

Samkvæmt Hintikka er rökform cogitosins: „ef A þá B“: ef ég hugsa, þá er ég til. En þá hlýtur allt sem hugsar að vera til. En þá hlýtur að vera að B eða tilvist sé möguleg án þess að hugsa. Því það er ekki hægt að segja „ef B þá A“ (ef ég er til, þá hugsa ég). Þannig að einstaklingurinn getur haft tilvist án þess að hugsa um það, hann hefur einfaldlega ekki orðið meðvitaður um það. Það er ekki þannig að einstaklingurinn birtist allt í einu þegar hann hugsar heldur verður hann meðvitaður og fær staðfestingu á því að hann er til. Það verður nauðsynlega að vera rétt að einstaklingurinn hugsar til að fá staðfestinguna á tilvist. Ef það er rétt að hann hugsar *ég er til*, þá er rétt að hann sé til. Það væri ómögulegt fyrir einstaklinginn að beita cogito-inu sem aðferð, að hann hugsar um að hann sé til, verði meðvitaður um tilvist sína, ef hann er svo ekki með tilvist. Því þá væri enginn hugur með tilvist sem væri þó að hugsa um tilvist sína. Það er ekki neitt sem er ekki með tilvist sem getur hugsað um tilvist sína. Hvernig get ég sem hugsandi vera efast um að ég hugsar? Tilvist mín er staðfest með því að hugsa og því er ekki hægt að halda því fram að ég sé ekki til ef ég er að hugsa. (Hintikka, 1962:8)

Þar sem cogito-ið er einstaklingsbundið getur Jón sagt að hann sé til ef hann hugsar. Jón er því til en hann getur ekki verið viss um að Siggi vinur sinn sé til þar sem hann gæti verið blekking. En þótt Jón geti sagt að Siggi sé ekki til, er það frekar vandræðalegt fyrir Sigga að segja að hann sjálfur sé ekki til. Ef Siggi er ekki til, hver er þá að segja um sjálfan sig að hann sé ekki til? Hann getur sagt það en það er einfaldlega rangt. Til að láta aðra einstaklinga trúá sér þarf hann að gera eitthvað sem hægt er að skynja og að hægt sé að efast um þær gjörðir. Til að sannfæra sjálfan sig þarf hann ekki að gera neitt efnislegt, hann þarf ekki að tala eða skrifa heldur þarf hann þarf eingöngu að hugsa. En með því að hugsa að hann sé ekki til er hann að hugsa og staðfestir þannig tilvist sína. Ekkert getur ekki verið til og haldið því fram með réttu að það sé svo ekki til. Einstaklingurinn getur því eingöngu sagt að hann sé til en ekki að einhver annar sé til. Tilvistin byggir á því að vera meðvitaður, að hugsa um hugsun, það sem hann gerir eða segir. Einstaklingurinn sannar tilvist sína með því einu að efast um hana. Ef hann efast, þá hlýtur einhver að vera til sem efast og því er hann til.

(Hintikka, 1962:10)

Tilvistin uppgötvast í því hugsunarferli sem cogito-ið er. Descartes hugsar um að hann sé að hugsa og hann verður þar af leiðandi meðvitaður um tilvist sína. Það er þó eingöngu með þeirri aðferð að hann verði meðvitaður um hugsanir sína og hugsar um þær sem hann fær þá staðfestingu að hann sé til. Sambandið sem er þá á milli *ég hugsa* og þess að *ég sé til* er ekki forsenda (*ég hugsa*) og niðurstaða (*ég er til*) heldur er það ferlið að hugsa. Af þeirri einföldu ástæðu er ekki allt sem hugsar með staðfesta tilvist þar sem hægt er að hugsa án þess að vera meðvitaður um að hugsun eigi sér stað. Þegar Descartes verður meðvitaður um hugsanir sína fær hann ákveðna sjálfsþekkingu og mætti segja að hann sé að kynnast sjálfum sér. Svipað og ef hann kynnist nýjum einstakling sem hann hefur ekki hitt áður. Þannig verður cogito-ið ekki ályktun og niðurstaða heldur er það *ferli* sem einstaklingurinn þarf að fara í gengum til að verða meðvitaður um tilvist sína. Hann getur fengið þá ályktun að hann sé til eftir að hann hugsar um hugsun en ekki eingöngu með því að hugsa. (Hintikka, 1962:)

Hugsun ein og sér gefur ekki tilvist, en hún er þó lykilatriðið í að staðfesta tilvistina. Án hugsunar gætum við ekki verið meðvituð um okkar eigin tilvist. Það er í meðvitundinni sem sjálfið, ég, bý. Það er ég sem verð meðvitaður um eigin hugsanir og þannig staðfesti ég það að ég sé meðvitaður um tilvist mína. Cogito-ið er því lögmál sem Descartes hefur sett fram, hugsun framkallar tilvist. En þetta lögmál er ekki eins og önnur lögmál. Það sem gerir Cogito-ið frábrugðið öðrum lögmálum er að það alhæfir ekki það sem það leggur upp með í sama skilningi og Snati sé spendýr á þeim forsendum að Snati er hundur og allir hundar eru

spendýr. Það virðist líta eins út, Jón hugsar, allt sem hugsar er til, Jón er til. En þó er það ekki nóg til að hægt sé að alhæfa að allt sem hugsar er til. Cogito-ið gildir aðeins fyrir einn einstakling, þann einstakling sem verður meðvitaður um hugsanir sína og þar af leiðandi tilvist sína. Þannig er hægt að alhæfa Cogito lögmálið, það staðfestir tilvist einstaklingsins sem verður meðvitaður, en einungis hans. Jón getur ekki notað lögmálið til að staðfesta tilvist Sigga þótt Siggi segist hugsa. Hann getur einungis staðfest tilvist sína með Cogito-inu og það sama getur Siggi einnig gert. (Hintikka, 1962:20)

Staðfestingin á tilvist er eingöngu til staðar þegar einstaklingurinn hugsar um hugsun, hann missir þó ekki tilvist sína ef hann er ekki að hugsa um hugsun. Einstaklingurinn missir tilvist sína ef hann hættir alfarið að hugsa, því án hugsunar getur hann ekki staðfest tilvist sína. Tökum sem dæmi einstakling sem er einn inn í herbergi með kerti. Ef hann lokar augunum slökknar ekki á kertinu, hann missir eingöngu meðvitundina á því hvort ljósið sé til staðar. Hins vegar ef loginn slökknar er öll meðvitund hans farin um ljósið og hann mun ekki á nokkurn hátt geta staðfest það hvort það sé möguleiki á ljósi, það einfaldlega er ekki til staðar. (Hintikka, 1962:22)

Það er ekki nóg að hafa hugsun, því það að hugsa um það að þú sért að hugsa veitir tilvistina. Hugsun er allt sem gert er meðvitað og allt sem gerist innra með okkur. Enginn getur skynjað hugsanir hjá öðrum einstaklingum. Bara ég veit af hugsunum mínum. Hugsun er þegar við notum ímyndunaraflíð, þegar eitthvað er skynjað og það skilið eða dregið í efa. Ímyndaðu þér að það sé borð fyrir framan þig, það hefur fjóra fætur sem bera borðplötuna. Það skiptir ekki máli hvort borðið sé blekking því þú færð hugmyndina af borðinu. Hugsun fer í gang og hún skilur skynjunina og getur svo dregið hana í efa, hvort borðið sé raunverulegt eða ekki af ýmsum áður upptöldum ástæðum. Hvort sem borðið er til eða ekki, fer sama hugsunarferli af stað um að túlka skynjunina. Descartes er til því hann hefur hugsun um skilning og efa. (Descartes, 2001:147)

Descartes hefur þá fengið meðvitund um tilvist sína staðfesta. Hann staðfestir það með þeirri reynslu að hann hafi hugsun. Þessi hugsun leiddi hann svo að þeirri niðurstöðu að hann sé óhjákvæmilega til. Descartes er til á meðan hann hugsar og er meðvitaður um að hann hugsi um hugsanir sínar.. Ég er það sem er til og er manneskjan, eða meðvitund mín og hugsanir. (Descartes, 2001:145)

Greining Anthony's Kenny á Cogito-inu

Samkvæmt Kenny (1968) er það þrennt sem Cogito-ið hefur staðfest. Það staðfesti að til er sannleikur og eitthvað sem hægt er að vita með fullri vissu. Það sem Descartes veit með fullri vissu og er sannleikur er það að hann er til og hvert eðli hans er, að hugsa. Hann er meðvitaður um tilvist sína þegar hann hugsar um hugsunina. En hann veit ekki enn *hvað* hann er, það eina sem hann getur ekki tekið í burt er að hann er einhvers konar hugsandi vera. (Kenny, 1968: 63)

Skynjanlegir hlutir hafa eiginleika og til að finna hvaða eiginleika hlutir eða verur hafa þarf að finna allt sem er satt um það. Eiginleikar þurfa að ná yfir allt sem á við hlutinn eða veruna. Eiginleiki er það sem býr í hlut um leið og hann er skynjaður og er eitthvað sem hægt er að hafa hugmynd um. Tökum vaxmolann aftur sem dæmi, þegar við skynjum hann koma eiginleikarnir hans strax í ljós. Hann hefur lögun, gefur frá sér lykt og er snertanlegur. Það er því háð hlutnum hvaða eiginleika hann hefur og þeir eiginleikar geta breyst eftir aðstæðum, eins og vaxmolinn sem bráðnaði. Án þessa eiginleika gætum við ekki skynjað vaxmolann og hann gæti ekki verið til ef hann hefði ekki þessa eiginleika. Það er ekkert sem er hægt er að hafa hugmynd um án þess að það þurfi eitthvað annað til að vera til. Það er ekki hægt að hafa hugmynd um vaxmolann ef ekki er hægt að hafa hugmynd um eiginleika hans. Það virðist vera svo að það eina sem hægt er að hafa hugmynd um án þess að vera háð einhverju öðru er Guð, ekki er hægt að hafa skilning á neinu öðru. Þessi fullyrðing er þó umdeilanleg en það verður ekki farið út í þá sálma í þessari ritgerð. (Kenny, 1968: 65)

Descartes telur að til séu tvær gerðir af verundum, hugur og líkami. Hugur er með eiginleikann hugsun en líkaminn er með eiginleikann rúmtak. Þó það sé háð tilvist að vera að hugsa og þetta „ég „ komi fram í hugsuninni er ég og hugsun ekki það sama. Hugsun er eiginleiki hugans þar sem *einhver* þarf að vera að hugsa. En allar þær hugsanir sem hugsaðar eru mynda eina heild sem hugurinn. Allar þær hugsanir sem eru hugsaðar eru ekkert einar og sér heldur bara þegar þær verða partur af heildinni. Einstaka hugsun er ekki eiginleiki hugans en allar þær hugsanir sem hann hugsar verða eiginleikinn sem hann hefur, að hugsa. Þannig er Descartes með þann eiginleika að hugsa en það er ekki einhver ákveðin hugsun sem ljáir honum tilvist sína heldur þær allar og það að hann sé meðvitaður um að hann sé að hugsa. (Kenny, 1968: 66)

Hugsun getur átt sér stað án þess að skynjun komi þar nálægt en það er ekki hægt að skynja án þess að hugsun eigi sér stað. Þegar eitthvað er skynjað er það hugsunin sem meðtekur skynjunina. Þannig er ekki gerður greinarmunur á því hvort að skynjunin sé rétt eða röng. Það er hægt að halda að það hafi verið skynjaður einstaklingur en svo var hann ekki þar sem hann átti að hafa verið. Það var því enginn einstaklingur til að skynja en samt fór hugsun af stað. Þannig geta skynfærin blekkt hugsunina, þar sem hún gerir engan greinarmun á réttri og rangri skynjun. Þegar eitthvað er skynjað og hugsun fer af stað er hægt að tala um meðvitund. Einstaklingur er meðvitaður um efnið eftir að það hefur verið skynjað með einhverjum af skynfærunum sem hann hefur. Löngun er einnig háð skynjun þar sem það er ómögulegt að vilja eitthvað ef það hefur ekki verið skynjað. Þó eru meðvitund og löngun eiga ekki við það sama geta þau þó ekki án hvors annars verið. Löngunin er nefnilega ekki tegund meðvitundar heldur fylgir hún meðvitundinni. (Kenny, 1968: 72)

Meðvitund um hugsun er það sem Cogito-ið snýst um. Ef hugsun er beint á aðra hugsun er skynjun á hugsunina og þá er komin meðvitund á hugsunina. Hugsun getur þó ekki verið hugsun annarar hugsunar heldur er alltaf sprottin frá huganum. Ef hugsun er hugsuð og hún skynjuð er hún orðin meðvituð og þannig kemur upp önnur hugsun um fyrri hugsunina. Þannig er meðvitund um hugsun ekki svo frábrugðin hugsuninni sjálfri sem byrja það ferli. Þannig er hægt að tala um að meðvitundinn sé einstaklingurinn eða í þessu tilviki Descartes. Hann hugsar, hugsar um hugsunina og verður þannig meðvitaður um hugsunina. Allt sem tengist meðvitundinni er raunverulega Descartes eða hann sem hugsar. Tilvistin byggir á þessari meðvitund um hugsunina. (Kenny, 1968: 74)

Descartes hefur nú tekist að finna einn fastan punkt til að byggja þekkingu á, sem er að hann er til. Hann heldur því áfram að hugsa um það sem hann veit, í von um að finna fleiri fasta punkta. Descartes komst þó ekki lengra sjálfur í ritum sínum en kenning hans lagði grunninn að öðrum föstum punkti sem hægt var að finna með notkunina á cogito-inu. En sú spurning sem Descartes svaraði ekki í ritum sínum, mögulega af því að hann gat það ekki, er: Hvað er þetta sem hugsar, er með tilvist og heldur því fram að sé Frakki sem heitir Descartes?

Ég sem hugsandi vera

Hvað er ég?

Já, hvað er hann? Er hann maður: en hvað er það þá að vera maður? Er hann skyni gædd vera? En hvaða vera er hann þá og hvað er að vera skyni gæddur? Þetta eru allt skilgreiningar sem gætu verið blekking. Einstaklingurinn skynjar sig sem mann með tvær hendur og tvo fætur en ef það er illur andi að blekkja hann þá gæti hann alveg eins verið með þrjár hendur og sex fætur en hann skynjar það ekki. Allt sem kemur frá skynfærunum getur verið blekking og því rangt að draga ályktanir út frá þeim. Þannig verður Descartes að finna aðra leið til að geta skilgreint hvað hann sé, hvað sé til, án þess að það sé hægt að draga það í efa. Það þarf að finna eitthvað sem er ekki hægt að blekkja. (Descartes, 2001:146)

En hvert er markmiðið með þeirri aðferð að draga allt í efa? Descartes er að hugsa um efan og það er sú hugsun sem gerir honum kleift að efast um skynfærin. Hann getur hugsað um það sem hann skynjar, hann getur játað og neitað, skilið og efast um sínar eigin hugsanir. Hann er því hugsandi vera eða hugur eins og hann kallar það.

„Er það ekki ég sjálfur sem efast nú um allt; sem skil eitthvað, játa því sem sannleika og neita öðru; sem vil vita meira og vil ekki láta blekkjast; sem ímynda mér sitt af hverju, og skynja marga hluti eins og með skilningarvitunum?“ (Descartes, 2001:146)

En þótt Descartes sé til sem hugsandi vera hefur hann samt sem áður þá hugmynd að hann hafi líkama. Venjulega þegar talað er um einstakling er útliti hans lýst, þannig að í almennum skilingi ætti líkami og þessi hugsandi vera, eða sálin eins og það mun vera kallað, að vera það sama. Nonna er lýst sem stórum, stæltum og ljóshærðum strák en ekki með því að hann hugsar. Ef líkaminn og sálin væru það sama myndu þau eiga allt sem ætti við annað þeirra að eiga við um hitt líka. Allt sem er satt um líkaman væri einnig satt um sálina og öfugt. Við getum einungis treyst skynfærunum til að veita okkur þekkingu á líkama okkar og ef það er hægt að draga skynjanir okkar í efa, þá er hægt að efast um tilvist líkamans. Ég veit að ég er með líkama en eingöngu af því að ég get séð hann, snert hann og fundið lykt af honum. En ef það er hægt að efast um tilvist líkamans getur hann ekki verið það sama og sálin þar sem það er ekki hægt að efast um tilvist sálarinnar. Tilvistin er ekki háð líkamanum né neinu öðru efnislegu, hún virðist vera háð sálinni og þeim hugsunum sem eiga sér stað. (Kenny, 1968: 79)

1. Líkaminn getur verið mér blekking og er ekki til
2. Ég get ekki verið ekki til, ekki verið blekking
3. Ég og líkaminn erum ekki það sama
4. Ég hugsa - er nauðsynlega satt
5. Ég er með líkama – er ekki nauðsynlega satt, getur verið blekking
6. Ég er í heimi - er ekki nauðsynlega satt, getur verið blekking
7. Ég er á stað- er ekki nauðsynlega satt, getur verið blekking
8. Ég er til – nauðsynlega satt
9. Ég er ekki þekktur fyrir að hafa aðra eiginleika en hugsun
10. Ég er þekktur fyrir að hafa enga eiginleika aðra en hugsun
11. Það er þekkt fyrir víst að ég hafi enga aðra eiginleika en hugsun

Til að staðhæfing 8 geti verið sönn þarf staðhæfing 4 að vera sönn. Hann hugsar, hann er til. Staðhæfingar 5, 6 og 7 eru ekki nauðsynlegar til að sanna staðhæfingu 4, hvort sem þær eru sannar eða ósannar. Því það er hægt að efast um þær og þar af leiðandi ekki hægt að vita með fullri vissu hvort þær séu sannar. Líkaminn, heimurinn í kringum okkur og staðurinn sem einstaklingurinn er á hefur ekki áhrif á tilvist einstaklingsins. Tilvistin byggir eingöngu á því að hann hafi hugsun. Ef einstaklingurinn hugsar fylgir tilvistin alltaf þar á eftir. Þannig að ef ég hugsa er satt þá er satt að ég sé til. (Kenny, 1968: 81)

Hugsunin er því eini eiginleikinn sem einstaklingurinn getur haft sem sannan eiginleika. Alla aðra eiginleika sem einstaklingurinn getur haft er hægt að efast um. Líkaminn getur ekki hugsað en sálin og tilvistin eru í hugsuninni. „Ég“ er verundin þar sem hugsunin hvílir, hugsunin kemur frá mér en meðvitund mín um hugsunina er það sem gerir mig meðvitaðan um mína eigin tilvist. „Ég“ sem verund get ekki verið blekking því þá væri hægt að efast um sjálfan sig og það er ekki hægt. Þetta ég, eins og áður hefur komið fram, er hugsandi vera. Það verður til þess að það sem ég veit um sjálfan mig er annað hvort opið fyrir meiri þekkingu á mér sjálfum eða lokað og býður ekki upp á neitt meira. Ef það eina sem ég veit er að ég er hugsandi vera er það opið fyrir því að ég geti á einhverjum tímapunkti fundið sannleika um sjálfan mig annað en að ég sé hugsandi vera. Hins vegar ef ég veit að ég er eingöngu hugsandi

vera, er ekkert meira sem ég get fundið um sjálfan mig sem væri sannleikur. Ég væri bara hugsandi vera og væri ekkert meira en eingöngu sú hugsandi vera. Það væri ekkert annað fyrir mig að vita annað en hugsun og það væri eðli mitt. (Kenny, 1968: 86)

Hugsun er eðli mitt ef ég er meðvitaður um hugsunina, þá er ég nauðsynlega meðvitaður um sjálfan mig og ef ég er meðvitaður um sjálfan mig þá er ég nauðsynlega meðvitaður um hugsun. Ég fæ tilvist með því að vera meðvitaður um hugsun, ef ég er meðvitaður um hugsun þá er ég meðvitaður um sjálfan mig. Ég og meðvitundin erum það sama, um leið og meðvitundin verður meðvituð um hugsun geri ég mér grein fyrir því að ég sé til. Þegar einstaklingur verður meðvitaður um eðli sitt getur hann sagt með fullri vissu að hann sé með tilvist. En er hægt að segja með fullri vissu að eðli einstaklingsins eða Descartes sé að hann hugsi, er eðli eini eiginleikinn sem hann getur haft? (Kenny, 1968: 90)

Eiginleikarnir sem einstaklingurinn hefur eru þeir sem ekki er hægt að taka frá honum. Ef það er hægt að taka eiginleika frá einstaklingnum er ekki hægt að segja að hann hafi haft þá eiginleika, þar sem þeir skipta þá ekki máli. En ef hann hefur eiginleika sem ekki er hægt að taka frá honum þá er nauðsynlegt að hann hafi þann eiginleika. Ef eiginleikinn, sem hann á nauðsynlega að hafa, er tekinn frá honum hlýtur einstaklingurinn nauðsynlega að hafa haft þann eiginleika. Þessi rök minna mikið á rökin með illa andanum sem Descartes kom með. Ef tilvist hans er blekk, þarf hann nauðsynlega að vera til svo hægt sé að blekkja hann. Descartes hefur þann eiginleika að hugsa og þann eiginleika er ekki hægt að taka frá honum, en ef hugsunin er tekin frá honum hlýtur hann að hafa hugsun til að það sé hægt að taka hana frá honum. (Kenny, 1968:92)

Það er því nauðsynlega satt að Descartes hefur eiginleikann hugsun. Það er ekki hægt að efast um nauðsynleg sannindi. Því er ekki hægt að efast um að einstaklingur sé með hugsun og að sá hinn sami einstaklingur sé til. Tilgangur Descartes með þessum pælingum sínum og notkunin á efanum er allt liður hans til að finna nauðsynleg sannindi. Honum hefur tekist að uppgötva tvennt sem myndi flokkast undir það að vera nauðsynlega satt. Það fyrsta var að hann var til og seinna var að hann hafði hugsun sem eiginleika. Þó hefur spurningunni um hvað hann er ekki verið svarað

Cogito-ið í meðförum Sartres

Í riti sínu „*The Transcendence of the Ego*“ eða „*Handanlæggi sjálfsins*“ sem kom út árið 1936 tekur franskur heimspekingurinn Jean-Paul Sartre, sem er talinn vera einn merkilegasti heimspekingur 20. aldarinnar, við keflinu af Descartes um hvað *ég* er og hvernig það verður til. (Sartre, 1991,11)

Cogito-ið sem Descartes hefur fundið er persónulegt. Þar er það *ég* sem hugsar og það er *ég* sem er til. En þetta *ég* sem kemur fram í Cogito-inu er ekki nauðsynlegt, þar sem það beinist ekki að neinni sérstakri meðvitund. Það segir eingöngu að *ég* hugsar, það er ekkert *sjálf* sem tengist því. Þegar Descartes notar Cogito-ið er það í beinu framhaldi af efanum um efnislega heiminn. Þegar efast er um efnislega heiminn er að sjálfsögðu efast um allt sem við skynjum og því er ekki að undra að efinn endi hjá einstaklingnum, *ég*. Þessi tenging leiðir í ljós að Cogito-ið er samskonar og efinn. Það er á sama tíma endinn á efanum og einnig það sem bindur enda á efanum. Cogito-ið er ópersónuleg sjálfsprottin hugsun skynjun sem varð til án hjálpar. Það er mjög ólíklegt að þetta geti gerst hjá mannskepnunni, að hann fá allt í einu hugsanir upp úr þurru og þær hugsanir leiða hann að tilvist sinni. Cogito-ið er því ófullkomið, það í sjálfu sér segir ekki það sem Descartes vill að það segi. Meðvitundin sem er í *ég hugsar* í Cogito-inu er því ekki sjálfsprottin heldur er hún staðsett á móti *ég*-inu og reynir að nálgast það. Þó er Descartes á réttri leið og út frá þessari kenningu gat Sartre fundið og skilgreint það sem Descartes taldi vera *ég*-ið. (Sartre,1991:36)

Ég sem hugsun

Samkvæmt Sartre kemur Cogito-ið í ljós þegar við beinum hugsunum okkar á okkar eigin hugsanir. Þegar það er gert er *ég* að skynja *mig*, *ég* hugsar um *mig* hugsar. Því virðumst við vera með tvær meðvitundir. Meðvitund sem beinist að annari meðvitund, það er meðvitund sem hugsar og svo sú sem er hugsun. Til að gera þetta skiljanlegt er hægt að ímynda sér mann sem sér sjálfan sig í spegli, þá ertu með manninn sem horfir í spegilinn og svo þann sem er í speglinum eða spegilmyndina. Hugsaða meðvitundin er því ómeðvitun, hún verður aðeins meðvitun þegar hugsun er um hana af hugsandi meðvitundinni. Notum aftur dæmið um spegilinn til að útskýra, spegilmyndin er ómeðvitun en það er hægt að vera meðvitaður um spegilmyndina þegar litið er í spegilinn. Aðeins þá kemur spegilmyndin í ljós alveg eins og ef meðvitundin sem hugsar, hugsar um meðvitundina sem er hugsun. (Sartre, 1991:40)

Að rifja upp minningar er eimitt dæmi um það að hugsar um hugsun. Þegar *ég* hugsar um það þegar *ég* las Descartes get *ég* munað eftir því að hafa skynjað bókina og það sem stóð í henni

en á þeim tímapunkti var ekkert *ég* í þeim skynjunum. Þegar hlutir eru skynjaðir er ekkert *ég* í þeim skynjunum heldur bara skynjun hlutanna. *Ég*-ið er ekki til í efnislega heiminum eða heimi skynjana, því þar er bara það sem hægt er að skynja. *Ég*-ið kemur ekki í ljós fyrir en hugsunum er beitt á það. Ég hugsa um að ég hafi verið að lesa Descartes. Aðeins þarna hefur *ég*-ið komið í ljós, þá er ég orðinn meðvitaður um sjálfan mig. *Ég* er því partur af meðvitundinni, en af því að það eru til tvær meðvitundir þá er einnig til tvö *ég*. Eitt *ég* er í hugsandi meðvitundinni og annað er í þeirri hugsuðu. Tengslin á milli hugsandi og hugsuðu meðvitundanna er það sem sameinar hina raunverulegu meðvitund sem er hið raunverulega *ég*. (Sartre, 1991:43)

Kenningin um efnislegt mig

Ein kenning sem komið hefur fram um hvað *ég* er, er sjálfselfskukenningin. Sú kenning gengur út á það að allt sem *ég* geri er endurspeglun á *mér*. Það liggur á bak við allt sem einstaklingurinn hugsar og allar þær tilfinningar sem hann hefur. Ef einstaklingi langar í samloku er það af því að hann hugsar „mig langar í samloku“. Sjálfið er því, samkvæmt sjálfselfsku kenningunni, löngun. Sjálfið býr því að baki meðvitundinni og virkar sem miðstöð langana og leitast við að fullnægja þeim löngunum. (Sartre, 1991:54)

Segjum að Siggi geti ekki lyft kassanum sem er fyrir framan hann. Þarna er Siggi og honum þarf að hjálpa. Á þessum tímapunkti byggist það á Sigga að þurfa að vera hjálpað, eða þannig skynjar meðvitundin mín það. Það að Siggi þurfi hjálp er ekkert frábrugðið öðrum skynjunum, frekar eins og að það sé bók á borðinu. Þannig er ég ekki að hugsa um mig þegar ég vil hjálpa Sigga. Þegar ég sé Sigga þá vorkenni ég honum og vill því hjálpa. Löngunin kemur í ljós við það að ég vilji hjálpa Sigga og við hjálpum Sigga af því að við vorkennum honum. Það er því vegna þess að okkur finnst vorkunn ekki gott ástand til að vera í. Okkur líður illa yfir því að Sigga vantar hjálp og löngunin segir meðvitundinni að hjálpa honum til að losna við þessa vanlíðan. En þegar við getum sagt að *ég* vorkenni Sigga, þá þarf að eiga sér stað hugsun um að honum sé vorkennt. (Sartre, 1991:56)

Þannig er bara hægt að vita það að *ég* vorkenni Sigga þegar það er hugsað um það. Þessi slæma tilfinningin verður því til á sama hátt og hin óhugsaða meðvitund um vorkunn, það er að segja við skynjun á þessum slæma ástandi. Sem sagt, þessar tilfinningar verða staðhæfar þegar það er hugsað um þær. Löngunin leitast svo við að losna við þetta slæma ástand frekar heldur en að losna við löngunina sjálfa. Dæmi er að ef einstaklingur er hræddur við kóngulær myndi löngunin vilja fjarlægja þessa kónguló sem hann skynjar frekar en að losna við

hræðsluna sjálfa. En þá er ekki hægt að fela þetta slæma ástand bak við óhugsaða meðvitund slæma ástandsins sem undirstöðu slæma ástandsins. Hræðslan getur ekki verið falin bak við óhugsaða meðvitund hræðslunnar og verið undirstaða hræðslunnar. Hún hlýtur þá að vera falin í undirmeðvitundinni. (Sartre, 1991:57)

En Sartre segir þessi sjálfelsku rök vera hina mestu vitleysu. Ef undirmeðvitundin er til, þá er erfitt að samþykkja það að sjálfsprottin hugsun geti átt sér stað þar. Það sem er hugsað þarf að vera staðsett með meðvitund. Þannig getur það ekki gengið upp að það sem er hugsað geti komið á undan því óhugsaða. Það gefur augaleið að það verði að vera öfugt, það óhugsaða sé fyrst og svo er hugsað um það. (Sartre, 1991:57)

Samkvæmt Sartre eitrar hugsunin fyrir lönguninni. Í óhugsuðu meðvitundinni er það Sigga sem vantar hjálp og því kem ég honum til hjálpar. En þegar þetta er fært yfir á hugsuðu meðvitundina, ég hugsa um það að ég sé að hjálpa Sigga, þá virðist ég ekki hjálpa Sigga af því að Sigga vantaði hjálp heldur af því að *ég* taldi það vera gott. Meðvitaða hugsunin varðveitir einungis þær hugsanir sem *ég* er í. Þannig að þegar *ég* hugsa um atvikið þar sem *ég* hjálpaði Sigga þá hugsa ég ekki um að orsök hafi verið Sigggi sem bað um hjálp. Heldur hugsar hún „*ég* hjálpaði Sigga af því að löngunin vildi að *ég* hjálpaði honum“. Það var gott að hjálpa Sigga af því að *ég* vorkenndi honum fyrir það að vanta hjálp. Eftir á virðist því ekki valdið vera hjá Sigga að vanta hjálp heldur virðist það koma frá lönguninni sem endurspeglar í því sem *ég* geri. Það er hvernig *ég* lít á þær langanir sem *ég* fæ sem eitrar fyrir þeim. (Sartre, 1991:59)

Sjálfíð er þar af leiðandi ekki að finna í óhugsuðu meðvitundinni, né getur það verið falið bak við hana, heldur kemur það aðeins í ljós í hugsun eða í hugsuðu meðvitundinni. *Ég* er sameining aðgerða og *mig* er sameining forms og eiginleika. Til dæmis er sagt að *ég* er að lesa bók og *ég* elska þessa stelpu, en það sem er sagt um *mig* er allir eiginleikarnir, eins og *ég* sé feitur. Það er ekki aðgerð að vera feitur en það er sagt um *mig*. Munurinn því á að tala um *ég* og *mig* er þannig málfræðilegur. Þá er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að *ég* og *mig* er eitt og það sama eða Sjálfíð (e. *Ego*). (Sartre, 1991:60)

Sjálfið

Sjálfið er ekkert án þeirrar breytni og ástands sem það finnst í. Það er eining alls sem einstaklingurinn gerir, hugsar og þeirra tilfinninga sem hann hefur. Með breytni er átt við allt sem við gerum, t.d. „ég er að keyra bíl“. Með ástandi er átt við það sem okkur finnst t.d. „ég hata Sigga“. Sjálfið er því endalausir möguleikar, því það tengist öllu sem við gerum og höldum. Þó er ekki hægt að finna einhverja eina athöfn eða eitt ástand sem getur fallið undir það að geta talist vera aðalaðgerðin eða aðalástandið. Sjálfið er því ekki eitthvað eitt sem skilgreinir okkur heldur allt sem við gerum. (Sartre, 1991:60)

Nýtt ástand eins og ást og hatur á uppruna sinn í sjálfinu, það eru þau sem mynda *mig*. Allir eiginleikar sem sjálfið stendur fyrir er á bakvið hugmyndirnar um *mig*. Ef þessir eiginleikar eru teknir frá mér þá hverfur sjálfið. En til að verða meðvitaður um *mig* þarf að hafa reynslu af eiginleikum og geta skoða þá eiginleika. (Sartre, 1991:61)

Sjálfið birtist alltaf þegar það er ekki verið að leita að því, það birtist þegar það er verið að hugsa um hugsun og þá kemur *ég* í ljós. Um leið og það á að fara að horfa á sjálfið eitt og sér, hverfur það. Það er ekki hægt að skilgreina hvað *ég* er út frá einni breytni eða einu ástandi, heldur er það skilgreint út frá allri breytni og ástandi einstaklingsins. Það er eins með múrsteinshús, það er ekki einn múrsteinn sem skilgreinir húsið heldur eru það allir múrsteinarnir í húsinu sem skilgreina það. Það er engin meðvitund um Sjálfið nema þegar það er verið að skoða hvað *ég* er eða er að hugsa um hugsun. Sjálfið er það sem tengir saman *mig* og alla mína eiginleika, breytni og ástand. (Sartre, 1991:75)

Nú virðist það vera þannig að þegar við erum að nota setningar sem *ég* er í eins og „*ég* er að mála“ þá komi *ég* í ljós. Það á þó ekki alltaf við, það er hægt að nota *ég* án þess að *ég* sé á staðnum. Ef *ég* er spurður „hvað ertu að gera?“ og *ég* er að mála þannig að *ég* svara „*ég* er að mála“, í þessari setningu er *ég* ekki að hugsa hvað *ég* er að gera heldur er *ég* að lýsa því sem *ég* er að gera, það vantar alla nálægð við mig. Að hugsa um mig án þess að *ég* sé á staðnum er eins og að ímynda sér stól, í fjarveru stóls. Þegar þetta tóma *ég* er notað er verið að nota það yfir það sem *ég* er að gera eða þarf að gera í tengslum við heiminn í kringum okkur frekar en að tengja það við meðvitundina. Til að finna *ég* þarf að skoða það sem *ég* hef verið að gera. *Ég* er alltaf í fortíðinni, því þá og aðeins þá er hægt að hugsa um *mig*. (Sartre, 1991:92)

Cogito-ið hjá Descartes staðfestir það að hann sé til á þann hátt að hann getur ekki með nokkru móti efast um það. Hann er til og eini eiginleikinn sem hann hefur er hugsun. Hann getur ekki efast um eigin hugsanir helfur eingöngu um orsök hugsunar hjá skynfærunum.

Hann er einungis meðvitaður um tilvist sína þegar hann beitri cogito-inu sem aðferð, að hugsa um það að hann sé að hugsa. Þegar hugsun er beint á aðra hugsun kemur í ljós þetta ég sem er með tilvist. Það er enginn munur á hugsun hvort sem hún varð til vegna blekkingar eða ekki. Það er heldur engin ein hugsun sem veitir honum vissu um tilvist sína heldur eru það allar hugsanir sem hann fær sem veita honum þá vissu. Descartes getur þó ekki komist að því hvað hann er, hvað það er sem er með tilvist annað en hugsandi vera. Hann getur ekki verið viss um að vera með líkama þar sem það gæti verið blekking. Sjálfíð er því ekki það sama og líkaminn sem það á að tilheyra. Þar tekur Sartre við keflinu af Descartes, hann vill takast á við það verkefni að finna hvað það er sem er með tilvist. Sartre kemst ekki að neinni niðurstöðu um hvað Descartes er sem skynfærin geta numið. Það er alltaf hægt að efast um þau. Hann staðfestir kenningu Descartes að hugsun sé forsenda þess að vera meðvitaður um tilvist og það að vera til. Tilvist einstaklingsins kemur aðeins í ljós þegar hann beinir hugsun sinni á aðra hugsun eða atburð sem hann framkvæmdi. Þegar hann hugsar um það sem hann hefur gert eins og „ég las bók“ kemur sjálfíð í ljós. En allt sem hann hefur gert safnast saman og gerir hann að því sem hann er, það er ekkert eitt sem getur skilgreint hann sem einstakling.

Niðurstaða

Descartes lagði upp í leit að sannri þekkingu þegar hann settist niður þetta kvöld og spurði sjálfan sig hvað hann vissi. Eftir að hafa notað efann sem aðferð til að komast að sannri þekkingu, einhverju sem ekki var hægt að efast um, komst hann að því að hann væri til. Hann gat ekki treyst skynfærum sínum þar sem þau blekktu, hann gat verið að dreyma og illur andi gæti verið að blekkja hann. Ef illi andinn væri að blekkja hann þyrfti hann nauðsynlega að vera til svo að andinn gæti blekkt eitthvað. Andinn blekki ekki eitthvað sem ekki er til. En með því að nota efann sem aðferð varð honum ljóst að hann hugsar og það er hugsun hans sem andinn getur ekki blekkt. Hann er með tilvist á meðan hann hugsar, „cogito, ergo sum“ eða „ég hugsa, ég er til“. Cogito-ið er ein frægasta og þekktasta kenning heimspekinnar og um hana hafa verið skrifaðar margar bækur og rit, bæði til að gagnrýna kenninguna og til að útskýra hana og reyna að halda áfram verki Descartes. Cogito-ið er aðferð sem felst í að beina hugsun sinni á aðra hugsun. Einstaklingurinn er meðvitaður um tilvist sína svo lengi sem hann hugsar. Einstaklingurinn verður að beina meðvitund sinni á hugsun og verður þannig meðvitaður um að hann sé til. Sartre gekk lengra en Descartes og vill meina að meðvitundin verði að beinast á hugsanir sem hugsa um einstaklinginn sjálfa og eru í fyrstu persónu eins og „ég er að skrifa ritgerð“. Ef það er ekki gert kemur sjálfið ekki í ljós nema að beita cogito-inu sem aðferð. Tilvist einstaklingsins byggir á þeirri aðferð að geta hugsað um það sem hann hefur gert eða hugsað. Það er ekkert eitt sem getur gert einstaklingin að því sem hann er, heldur er það allt sem hann hefur gert sem gerir hann að þeim einstakling sem hann er og veitir honum tilvistina.

En Descartes lét ekki staðar numið og hélt áfram að hugsa og beita efanum í leit sinniað sannri þekkingu. Hann var búinn að staðfesta tilvist sína en ekki hvað hann væri. Hann gat ekki réttilega haldið því fram að hann væri með líkama því það gæti verið blekking, hann og líkaminn væru ekki eitt. En hann gat með réttu haldið því fram að hann væri hugsandi vera, þannig væri hugsun hans eini fasti eiginleiki. Hann notaði sömu rökfærslu á þennan eiginleika sinn og hann gerði með tilvistina. Ef hugsun er eiginleiki sem hann er nauðsynlega með, þá er ekki hægt að taka hugsunina frá honum. En ef það á að vera hægt að taka frá honum eiginleika, sem á ekki að vera hægt að taka frá honum, þá þarf hann nauðsynlega að hafa þann eiginleika svo að það sé hægt að taka hann. Það er því eingöngu hægt að segja um einstaklinginn að hann sé til og með hugsun sem eiginleika. Það er ekki hægt að vita neitt annað með vissu, en með hugsjón sinni fann Descartes tvo fasta punkta eða tvö púsl í stóra

púslíð sem er sönn þekking, eitthvað sem ekki er hægt að efast um. Það útilokar því ekki að til séu fleiri púsl sem hægt sé að finna og bæta við í þekkingarleit mannsins.

Eftir þetta gekk Descartes inn á bar og pantaði sér drykk. Hann kláraði drykkinn og þá spurði barþjónninn Descartes hvort hann vildi annan drykk. „Ég hugsa ekki“, sagði Descartes, og hvarf.¹

¹ Þessi skrýtla er til í nokkrum gerðum.

Heimildaskrá

Cottingham, J. (1986). *Descartes*. Norwich: Basil Blackwell.

Descartes, R. (2001). *Hugleiðingar um frumspeki*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hintikka, J. (1962). „Cogito, Ergo Sum: Inference or Performance?“ *The Philosophical Review*, 71:1, bls. 3-32

Kenny, A. (1968). *Descartes: A Study of his Philosophy*. New York: Random House.

Sartre, J.-P. (1991). *The Transcendence of the Ego*. New York: Hill and Wang.